



Árni Ísaksson
Forstöðumaður
Lax- og silungsveiðisviðs

Greinin birtist í Morgunblaðinu
15. ágúst 2009

Merkingar á laxfiskum

Heimildir til merkinga

Merkingar á laxi og silungi hafa verið stundaðar hér á landi í 50 ár. Í byrjun var um að ræða einstaka tilraunir opinberra aðila en hin síðari ár hefur merking, sem kostuð er af veiðifélögum og leigutökum vegna sleppinga á laxaseiðum eða stangaveiddum laxi í veiðiár, farið vaxandi. Slíkar merkingar eru óheimilar nema að fenginni heimild Fiskistofu (sbr. 5. mgr. 26. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði), sem er svohljóðandi:

“Fiskistofa veitir heimildir til merkinga á vatnafiskum með skilyrðum sem hún setur og heldur gagnabanka um merkingar. Eigendur veiðiréttar og þeir sem veiði stunda skulu skila merkjum til Fiskistofu í samræmi við reglur sem stofnunin setur”.

Þessar lög eru sett til þess að fiskmerkingar séu samræmdar og einn aðili hafi yfirsýn yfir þau merki, sem notuð eru. Lax- og silungveiðisvið Fiskistofu sér um að útvega útvortis laxamerki og úthlutar viðeigandi númeraröðum til að koma í veg fyrir tvítekningu. Notkun annarra merkja, hvort sem þau eru keypt innanlands eða erlendis, er því óheimil en nokkuð hefur borið á því að stangaveiddir laxar væru merktir með aðkeyptum merkjum, sem bera nafn viðkomandi veiðiár. Öll íslensk útvortis merki hefjast á stöfunum IS og berast því til lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, ef laxar veiðast erlendis. Önnur merki hafa ekki viðurkenningu laxfiskanefndar Alþjóða Hafrannsóknaráðsins (ICES). Jafnframt má ekki klippa ugga af laxfiskum, sem settir eru út í villta náttúru án leyfis. Hægt er að finna lög og reglugerðir, sem snerta þessi mál, á vefsíðu Fiskistofu sem er: www.fiskistofa.is.

Merkjaskil eru mikilvæg

Hér á landi er lax merktur með ýmis konar merkjum. Helstu merkin eru örmerki, sem sett eru í trjónu laxaseiða á gönguseiðastigi og slöngumerki, sem sett eru undir bakugga á stangveiddum laxi, sem sleppt er aftur í ána en einnig hefur notkun útvarpsmerkja og mælimerkja farið vaxandi. Árvekni stangaveiðimanna og forsvarsmanna veiðifélaga er lykillinn að því að fiskmerkingar nái tilætluðum árangri. Veiðimenn þurfa að grannskoða fiskinn, sem þeir veiða, með tilliti til útvortis merkinga, uggaklippinga og almenns ástands á uggum. Klipptur veiðiuggi er ætíð vísbending um örmerki í trjónu laxins en trosnaðir eða eyddir uggar geta bent til þess að fiskurinn hafi sloppið úr eldiskví annaðhvort hér á landi eða jafnvel erlendis.



Örmerki í snoppu

07023701

1 mm

Mest er af örmerkjum

Örmerki eru falin í trjónu laxins og afskorinn veiðiuggi er eina ytra einkenni um örmerkingu (sjá skýringarmynd). Þegar veiðiuggaklipptur lax veiðist, þarf því að skera af honum trjónuna fyrir framan augu og skila henni til lax- og silungveiðisviðs Fiskistofu. Trjónunni skal skila í sérstökum plastpokum, sem hægt er að fá hjá Fiskistofu. Í stærri laxveiðiám hafa veiðifélög og/eða leigutakar verið milliliðir um að safna laxatrjónum í frystigeymslu veiðihúsa ásamt tilheyrandi upplýsingum og skila þeim í lok veiðitímabils til Fiskistofu. Einstaka veiðimenn skulu skila merkjum til Fiskistofu, Dalshrauni 1, Hafnarfirði svo þau verði talin með í útdrætti á vinningum vegna merkjaskila.

Verðlaun fyrir merkjaskil

Til að hvetja veiðimenn til dáða hefur á undanförunum árum farið fram útdráttur úr innsendum númerum örmerkja og útvortis merkja og veitt árleg verðlaun, sem venjulega tengjast veiðiskap, þ.e. veiðistengur eða veiðihjól. Sumarið 2009 voru þannig veitt verðlaun til 5 veiðimanna vegna merkjaskila frá árinu 2008. Sambærileg verðlaun verða veitt árið 2010 vegna veiðinnar 2009.

Merking stangaveiddra laxa

Vaxandi áhugi hefur verið á því að merkja með útvortis merkjum þá laxa, sem veiddir eru á flugu og sleppt aftur í veiðiár. Gerðar eru stífar kröfur um ábyrgðaraðila vegna slíkra merkinga og nákvæma skráningu þeirra merkja, sem notuð eru og skýrsluskil til Fiskistofu. Ásættanlegt er að merkja hluta þeirra laxa, sem sleppt er, en þó þarf að gæta hófs við slíkar merkingar, þar sem neikvæð áhrif merkingarinnar á heilsufar laxins geta verið fyrir hendi, einkum ef hann er merktur á viðkvæmu stigi, t.d. nýgenginn í ána. Jafnframt þarf að skoða, hvort veiddir laxar eru merktir og aldrei skal merkja laxa, sem bera örmerki. Hér er mikilvægt að leggja áherslu það að merki, sem úthlutað hefur verið til merkinga, séu eingöngu notuð í þeirri veiðiá sem tilgreind var í umsókn til Fiskistofu.

Önnur merki

Rannsóknaaðilar hafa sett ýmsar tegundir merkja í laxaseiði og fullvaxinn lax bæði í ferskvatni og sjó. Þar ber hæst útvarpsmerki, sem senda frá sér örbylgjur af ýmsu tagi, og mælimerki (DSTs), sem mæla ýmsa umhverfisþætti, svo sem hitastig, seltu og dýpi. Slík merki eru dýr og fjöldi merktra fiska því takmarkaður. Öll merki eru hinsvegar tekin góð og gild í ofangreindu merkjahappdrætti og það gildir raunar einnig um merki, sem finnast í bleikju og urriða, sem veiddur er á stöng í ám og vötnum.